

Í sveitarstjórnarlögum segir:

11. gr. Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn. Í sveitarstjórn skal fjöldi fulltrúa standa á oddatölu. Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn skal ákveðinn í samþykkt skv. 9. gr. og skal vera innan þeirra marka sem hér segir: 1. Þar sem íbúar eru undir 2.000: 5–7 aðalmenn. 2. Þar sem íbúar eru 2.000–9.999: 7–11 aðalmenn. 3. Þar sem íbúar eru 10.000–49.999: 11–15 aðalmenn. 4. Þar sem íbúar eru 50.000–99.999: 15–23 aðalmenn. 5. Þar sem íbúar eru 100.000 eða fleiri: 23–31 aðalmenn. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að fækka eða fjölga aðalmönnum í sveitarstjórn fyrr en íbúatala hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í fjögur ár samfellt, talið frá næstu áramótum fyrir almennar kosningar til sveitarstjórna. Íbúatala grundvallast á íbúaskrá þjóðskrár...

### **Greinargerð vegna breytingar á bæjarmálasamþykkt:**

Frá upphafi árs 2020 hefur íbúafjöldi í Svf. Árborg verið yfir 10.000 íbúar og er nú að nálgast 11.000 íbúa. Fjöldi kjörinna fulltrúa hefur frá því að Svf Árborg varð til, eftir sameiningu fjögurra sveitarfélaga, verið 9 aðalmenn eða í mið mörkum þess sem kveðið er á um í lögum. Það er öllum ljóst að aðstæður frá því að sveitarfélagið varð til árið 1998 þegar íbúar voru helmingi færri eða 5500 og fram til dagsins í dag hafa breyst mikið. Stóraukin verkefni hafa verið færð til sveitarfélaganna frá ríkinu á undanförunum árum sem kallar á enn meiri vinnu kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa.

Með tillögu um fjölgun fulltrúa í 11 er verið að fara í minnstu fjölgun fulltrúa samkvæmt núgildandi sveitarstjórnarlögum. Í ört stækkandi sveitarfélagi með mikilli fjölgun íbúa fjölga þeim verkefnum sem kjörnir fulltrúar þurfa að takast á við og er það mat undirritaðra að verkefnum kjörinna fulltrúa muni fjölga enn frekar á næstu árum. Fjölgun bæjarfulltrúa tryggir að nefndir og ráð sveitarfélagsins verði hægt að manna í meira mæli með aðalfulltrúum í bæjarstjórn, en slíkar tengingar nefnda við bæjarstjórn geta greitt mjög fyrir afgreiðslu mála og betur tryggt að stefna bæjarstjórnar og nefnda sé vel samræmd.

Með fjölgun bæjarfulltrúa aukast líkur á að kjörnir fulltrúar endurspegli enn frekar þverskurð íbúa í fjölkjarna sveitarfélagi eins og okkar. Auknar líkur eru á nánara sambandi milli íbúa og kjörinna fulltrúa þar sem fleiri tengingar skapast við samfélagið. Sveitarstjórnarstigið er lýðræðislegur vettvangur og er kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum ætlað að endurspeglar vilja og rödd íbúa. Eftir því sem íbúum fjölga og fjölbreytileikinn eykst í samfélaginu er mikilvægt að bæjarstjórn tryggi tækifæri sem flestra til þess að láta rödd sína heyrast.

Að fjölga bæjarfulltrúum úr 9 í 11 mun óhjákvæmilega hafa einhvern aukinn kostnað í för með sér en er ekkert öðruvísi en margar aðrar ákvarðanir þar sem starfsfólki eða verkefnum er fjölgað til að þjónusta íbúa sveitarfélagsins enn betur. Fjölgun bæjarfulltrúa er aukið lýðræði..